

Eystrahorn

29. tbl. 36. árgangur

Fimmtudagurinn 23. ágúst 2018

www.eystrahorn.is

Unglingalandsmót UMFÍ í Þorlákshöfn 2018



Um verslunarmannahelgina var 21. Unglingalandsmót UMFÍ haldið í Þorlákshöfn þar sem tæplega 1300 börn allsstaðar að af landinu voru skráð til keppni. Alls fóru 16 keppendur frá USÚ og kepptu þau í hinum ýmsu greinum. Þau stóðu sig öll með mikilli þryði og lentu mörg á palli eða voru ofarlega í sínum greinum. Okkur þótti sérstaklega ánægjulegt að brottfluttir Hornfirðingar skildu keppa undir merkjum USÚ. Mótið fór vel fram í alla staði og eiga HSK og Sveitarfélagið Ólfus skilið hrós fyrir framkvæmd mótsins. Það rigndi duglega á föstudeginum en keppendur létu það ekki á sig fá og héldu sínu striki. Þó var tekin sú ákvörðun að fresta setningu mótsins til laugardags, enda mun betri veðurspá það sem eftir var af helginni. Mótinu var svo slitið með veglegri flugeldasýningu á sunnudagskvöldinu.

Unglingalandsmót UMFÍ var fyrst haldið árið 1992 en hefur verið haldið árlega frá árinu 2002 og er fyrir börn á aldrinum 11-18 ára. Mótið hefur stækkað töluvert frá því að það var fyrst haldið og hefur keppnisgreinum fjölgað til muna. Misjafnt er hversu margar greinar eru á hverju móti þó svo að alltaf sé ákveðinn kjarni sem boðið er upp á. Alls var keppt í 22 greinum í Þorlákshöfn og voru það bogfimi, dorgveiði, fimleikalíf, fótbolti, frísbíggj, frjálsar íþróttir, glíma, gólf, götuhjólreiðar, hestaíþróttir, íþróttir fatlaðra, kökuskreytingar, körfubolti, motocross, sandkastalagerð, skák, skotfimi, stafsetning, strandblak, strandhandbolti, sund og upplestur. Griðarlega mikil þátttaka var í nýjum greinum á borð við kökuskreytingar þar sem um 250 keppendur voru skráðir, í bogfimi voru 86 skráðir í tveimur keppnisflokkum, og strandhandbolta en þar voru 36 lið skráð til keppni, eða um 220 keppendur. Ekki þarf að ná í heilt lið frá hverju félagi til þess að geta keppt í hópíþróttum. Búin eru til blönduð lið með þeim einstaklingum sem skrá sig án liðs t.d. kepptu tveir drengir frá USÚ með liði frá Laugarvatni í körfubolta og USÚ stúlka með blönduðu liði í strandblaki.

Mótið snýst ekki eingöngu um keppni hjá 11-18

ára því mikið er um að vera frá morgni til kvölds. Þorlákshöfn bauð m.a. uppá fótboltakeppni, frjálsíþróttaleika og sundleika fyrir 10 ára og yngri, göngufærðir um nágrennið, leikjatorg, þrautabraut, 3:3 fjölskyldumót í fótbolta og að sjálfsgöðu kvöldvökur þar sem allra fremsta tónlistarfólk landsins kom fram. Unglingalandsmót UMFÍ er með öllu vímulaut og því góður staður fyrir fjölskyldur til þess að hafa gaman saman um verslunarmannahelgina.

Það væri þó ekki hægt að halda þessu móti án mikillar samvinnu mótshaldara, sveitarfélaganna og íbúa þeirra. Þau eru að langmestu byggð á sjálfbodavinnu og það er ómetanlegt hversu margir eru tilbúnir til þess að leggja sitt af mörkum til þess að ungvíði landsins fái að njóta sín á heilbrigðum vettvangi þar sem gleði og skemmtun er í fyrirrúmi. Við Hornfirðingar erum svo heppin að fá að halda mótið á næsta ári. Það verður þá í þriðja skipti en áður var það haldið árið 2007 þegar glæsileg, endurbætt íþróttastaða var tekin í notkun á Sindravöllum og svo árið 2013 þegar að ný sundlaug og knattspyrnuhús höfðu bæst við aðstöðuna. Það má því segja að aðstaðan okkar hér sé með góðu móti og enn er verið að bæta í. Undirbúningshópur hefur verið að störfum síðastliðið ár og mun stærri hópur halda áfram þeirri vinnu í vetur. Það er ljóst, eins og áður sagði, að þetta er mikil samvinna og hvetjum við því íbúa til þess að taka þátt í þessu skemmtilega verkefni með okkur næsta sumar. Eins og Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, kom að í setningarræðu sinni eru forvarnir fjárfesting til framtíðar í betra lífi viðkomandi einstaklinga, hvort heldur er í því að forða eða seinka því að ungt fólk komist í kynni við hin ýmsu vinnufélagi sem í boði eru í samfélagi okkar í dag.

Fyrir hönd stjórnar USÚ
Jóhanna Íris Ingólfsdóttir, formaður

Helstu úrslit keppenda USÚ (ekki alveg víst að þetta sé tæmandi listi)

Bogfimi

Tómas Nói Hauksson, 2. sæti í opnum flokki 11-14 ára, með 134 stig
Karen Hulda Finnsdóttir, 5. sæti í sama flokki, með 128 stig

Glíma

Almar Páll Lárusson, 3. sæti í 13-14 ára drengjaflokki (fjólmenasti flokkurinn)

Sund

Magni Snær Imsland Grétarsson, 2. sæti í 100 m bringusundi 11-12 ára
3. sæti í 50 m baksundi 11-12 ára
3. sæti í 100 m skriðsundi 11-12 ára
2. sæti í 50 m flugsundi 11-12 ára
4. sæti í 100 m fjórsundi 11-12 ára

Frjálsar íþróttir

Arna Ósk Arnarsdóttir, 2. sæti í 800 m hlaupi 15 ára stúlkna, 2:40,68.
Tómas Nói Hauksson, 2. sæti í 600 m hlaupi 14 ára pilta, 1:40,91, nýtt USÚ met í öllum karlaflokkum, sem Fannar Blær Austar Egilsson átti áður.
Tómas Nói Hauksson, 2. sæti í þristökki 14 ára pilta, 11,22, nýtt USÚ met í 14 og 15 ára karlaflokkum, sem hann átti reyndar sjálfur.
Selma Ýr Ívarsdóttir, 2. sæti í 80 m grindahlaupi 14 ára stúlkna, 14,53
Elín Ósk Óskarsdóttir, 3. sæti í spjótkaсти 11 ára stúlkna, 17,29
Sveit USÚ + ein lánsmanneskja, 3. sæti í 4x100 m boðhlaupi 11 ára stúlkna, 66,65 sek.

Strandblak

Jana Mekkín Friðriksdóttir, 1. sæti í strandblaki 15-16 ára stúlkna, í blandaða liðinu Blaksvisur.



Stafafellskirkja
Sunnudaginn 26. ágúst
Hátíðarguðsþjónusta
kl. 14:00 vegna 150 ára
vígsluafmælis kirkjunnar
 Sr. Kristján Björnsson
 vígslubiskup predikar
 Kaffisamsæti í Mánagarði að
 lokinni guðsþjónustu.
 Allir velkomnir

Prestarnir
 og sóknarnefnd Hafnarsóknar



Milk Factory Guesthouse óskar að ráða
starfsmann í afleysingar í móttöku .

Viðkomandi þarf að vera orðin 17 ára,
 getað talað ensku og vera sjálfstæður í
 hugsun.

Getur hentað vel með skóla .

Upplýsingar gefur Elínborg í s: 895-3830
 eða bodda@milkfactory.is

Til sölu



Vel með farinn VW TIGUAN,árgerð 2008,
 Sjálfskiptur,dísel, ekinn 98 þúsund km.
Upplýsingar í síma 898-3664, Jóhann



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
 velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490

Nýr félagsmálastjóri

Í vor var auglýsti Sveitarfélagið
 Hornafjörður eftir umsóknum
 í starf félagsmálastjóra. Eftir
 ráðningaferlið var það niðurstaða
 bæjarráðs að Elísa Sóley
 Magnúsdóttir yrði fyrir valinu.

Elísa Sóley er fædd árið 1979 og
 á tvo drengi og er búsett á Höfn.
 Elísa Sóley er lögfræðingur
 að mennt með hdl. gráðu frá
 Háskólanum í Reykjavík. Elísa
 hefur búið í Reykjavík og starfaði
 um tíma í Velferðarráðuneytinu
 og hefur góða reynslu og
 þekkingu á málaflokknum.

Félagsmálastjóri ber ábyrgð
 á framkvæmd almennrar og
 sérstakrar félagsþjónustu í
 samræmi við lög og reglugerðir
 þar um. Starfið felur m.a. í
 sér vinnu við stefnumótun og
 áætlanir í þeim málaflokkum,
 sem undir hann heyra.

Félagsmálastjóri hefur yfir-
 umsjón með félagslegri ráðgjöf,
 fjárhagsaðstoð, málefnum
 barna og ungmenna ásamt



málefnum fatlaðs fólks og
 heimaþjónustu auk umsjónar
 með húsnæðismálum.

Félagsmálastjóri vinnur að
 aukni með viðeigandi aðilum að
 málefnum aldraðra jafnframt
 því að taka þátt í vinnuhópum,
 ráðum, teymisvinnu ásamt
 öðrum fjölbreyttum faglegum
 verkefnum. Félagsmálastjóri er
 starfsmaður félagsmálanefndar
 og öldungaráðs og undirbýr
 fundi nefndarinnar og boðar þá.

Vinnuvélanámskeið

Stóra vinnuvélanámskeiðið sem veitir rétt
 til próftöku á allar gerðir vinnuvéla og
 krana verður haldið á Höfn í haust ef næg
 þáttaka fæst.

Upplýsingar og skráning í 893-3652 eða
palloa@simnet.is

Skráningu líkur 3. september

Ökuskóli Austurlands

Jöfnunarstyrkur til náms

Umsóknarfrestur á haustönn 2018

er til 15. október n.k.

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta
 lána hjá LÍN geta sótt um styrk til jöfnunar á
 námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er
 fyrir þá sem stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem að dvelja fjarri
 lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms).
- Styrkur vegna skólaaksturs (fyrir þá sem
 sækja nám frá lögheimili fjarri skóla).

Opnað er fyrir umsóknir 1. september 2018.

Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til
 að kynna sér reglur um styrkinn á vef LÍN ([www.
 lin.is](http://www.lin.is)).

Lánasjóður íslenskra
 námsmanna
 Námsstyrkjanefnd



Stafafellskirkja – hið fegursta hús



Í ár eru liðin 150 ár frá því að núverandi kirkja í Stafafelli var vígð. Áður var þar torfkirkja en Stefán Jónsson frá Hlíð segir svo frá; „Eftir kristnitökuna mun kirkja hafa verið sett á Stafafelli ekki löngu síðar. Kirkjan var helguð Maríu mey, því kölluð Maríukirkja. Fyrstu heimildir um kirkjuna eru frá 1201, þá syngur Guðmundur biskup góði messu þar 24. ágúst það ár.“

Í dag er kirkjan „Hið fegursta hús“ eins og segir í úmsögnum en svo hefur ekki alltaf verið í tímans rás. Nýja kirkjan var byggð á árunum 1866-1868. Forgöngu um kirkjubygginguna og umsjón með

henni hafði séra Bjarni Sveinsson prestur á Stafafelli. Yfirsíður eða forsíður var Jón Jónsson snikkari og bóndi í Hólum.

Árið 1918 vísitaraði Jón Helgason biskup kirkjuna og sagði hana í góðri hirðingu en nefndi í leiðinni að til athugunar væri að byggja steinkirkju á staðnum en það var vilji safnaðarins að endurbýggja kirkjuna. Næstu ár var unnið að viðhaldi kirkjunnar og á fjölmennum og líflegum safnaðarfundi í júlí 1928 var niðurstaðan að viðgerð teldist lokið að því frátöldu að eftir væri að byggja turn á hana. Var samþykkt að gera það á næsta ári en turninn varð

aldrei að veruleika.

Árið 1979 var farið að huga að viðgerðum á kirkjunni af alvöru;

„Úr varð að Hörður Ágústsson tók saman greinargerð og sagði fyrir um endurgerð kirkjunnar árið 1981. Þegar Pétur Sigurgeirsson biskup vísitaraði kirkjuna 9. júlí 1984 kom fram að skiptar skoðanir væru um hvort leggja ætti mikið fé í endurbýggingu gömlu kirkjunnar eða byggja nýja. Niðurstaðan var að fá álit sérfræðings um hvort það væri hægt að gera við kirkjuna og hvort slík viðgerð borgaði sig. Leitað var til tveggja manna sem mæltu með endurbýggingunni; Halldórs Sigurðssonar í Miðhúsum sem tók svo að sér umsjón með endurgerðinni og Árna Kjartanssonar arkitekts sem varð hönnuður endurbótanna. Þorsteinn Geirsson bóndi á Reyðará, oddviti og formaður sóknarnefndar beitti sér mjög fyrir endurbýggingu kirkjunnar.

Verkið var unnið sumarið 1988 þegar lokið var við endurbætur að utan og fram á haustið 1989 er unnið var að endurbótum að innan. Réttu þurfti húsið sem hallaði svolitíð til suðurs, skipta um fótstykki allan hringinn og styrkja og lagfæra burðarvirki kirkjunnar. Kirkjunni var svo lyft um allt að 70 cm á meðan gerður var nýr grunnur undir hana. Gabbró var sótt að Hoffelli í Nesjum til þess að hlada nýjan grunn. Gólf var tekið upp og gert við það og veggjaglæðningu.“ (Kirkjur Íslands, Jón Tortason og Þorsteinn Gunnarsson)

Ekki eru margar byggingar frá nítjándu öld hér í sýslu sem þjóna



upphaflega hlutverki sínu í dag. Það er þakkarvert og dýrmaett að Stafafellskirkja skuli hafa verið endurbýggð og verkið tekist jafnvel og raun ber vitni. Þar eiga margir hlut að máli og þakkir sem of langt mál er að telja upp í stuttri grein. Ítarlegri umfjöllun, sem séra Gunnar Stígur Reynisson hefur unnið, verður birt í næsta Skaftfellingi.

Full ástæða er til að minnast þessara tímamóta. Hátíðarmessa verður í Stafafellskirkju og samsæti í Mánagarði að lokinni messu sunnudaginn 26. ágúst nk. Nýr vigslubiskup séra Kristján Björnsson mun predika og fyrrverandi prestar munu koma í heimsókn.

Sóknarnefndin og prestarnir vilja hvetja fólk til að fagna þessum tímamótum með okkur. Sérstaklega ánægjulegt væri að sjá sóknarbörn sem sótt hafa athafnir og haft afnot af kirkjunni við ýmis tækifæri.

*Albert Eymundsson formaður
Sóknarnefndar Hafnarsóknar
Séra Gunnar Stígur Reynisson
sóknarprestur
Séra María Rut Baldursdóttir
prestur*



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRÍ HORNFIRÐINGA

HAUSTFERÐ ELDRÍ HORNFIRÐINGA TIL NESKAUPSTAÐAR 15. SEPTEMBER 2018

Fyrirkomulag ferðarinnar er áætlað sem hér segir:

Farið verður frá Ekru kl. 09:00 og áætlað að koma til Hafnar kl. 23:00.

Meðal annars verður áð að Hamri í Breiðdal þar sem hádegismatur verður á boðstólnum.

Á heimleiðinni verður snæddur kvöldverður í Randulffssjóhúsi á Eskfirði.

Ferðin kostar 8.200 krónur og er maturinn innifalinn.

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir tekur við pöntunum fyrir 13. september í síma 866-1336.

FERÐANEFNDIN

Leikskólinn í nýju húsnæði



Í síðustu viku var starfsfólk leikskólans Sjónarhóls önnum kafið við að taka upp úr kössum, stilla upp húsgögnum og koma öllu fyrir ásamt því að skipuleggja starfsemi skólans og undirbúa komu nemenda sinna. Samhliða þessum verkefnum hefur starfsfólkið einnig setið fjölda námskeiða m.a. um uppeldi til ábyrgðar, uppeldi sem virkar, Lubbi finnur málbein, tákn með tali o.fl.

Síðast liðinn mánudag hófst svo innritun barna í nýja skólann og gengur innritunin samkvæmt áætlun. Í byrjun september munu öll börn sem voru á biðlista og orðin eins árs fyrir sumarfrí verða innrituð í leikskólann.

Verkefnið framundan er að ljúka við að skipuleggja innra starfið s.s. dagskipulag og hópastarf, skólanámskrá, læsisstefnu skólans og útfæra verkefni eins og heilsuflandi leikskóli o.fl.

Að loknu mesta amstrinu í kringum opnun skólans og innritun barnanna verður íbúum sveitarfélagsins boðið að koma og skoða skólann og sama dag verður hann formlega vígður. Þegar dagsetning og skipulag vigsludagsins liggur fyrir verður viðburðurinn auglýstur.

Láttu sjá þig á pallinum í sumar



Alhliða veitinga- og pizzastaður


Verðum með opið frá kl.16-24 í sumar. Eldhúsið opið til kl.23
Happy hour steming með bar-matseðli milli kl.16-18
Pizzapantanir í síma 478-2200. Heimsending frá kl.18-21.

ÓSINN
RESTAURANT-PIZZERIA

Hótel Höfn
Víkurbraut 20
780 Höfn í Hornafirði
S: 478 1240

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



flooré
GÓLFHITI

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólflið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvegur 10 (blá gata) • 200 Kópavogur
Sími 567 1330 • www.hringas.is



Hringás ehf.

Hvað brennur helst á Sunnlendingum á sviði umhverfis- og auðlindamála?

Taktu þátt í að móta umhverfis- og auðlindastefnu Suðurlands

Samtök sunnleuskra sveitarfélaga boða til opinna samráðsfunda fyrir alla áhugasama, nú í upphafi vinnu við mótun umhverfis- og auðlindastefnu fyrir Suðurland. Verkefnið er áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands á vegum samtakanna.

Viðfangsefni fundanna er að greina helstu tækifæri og álitamál á sviði umhverfis- og auðlindamála. Einnig verða kynnt áhugaverð fordæmi í þessum efnum.

Fundirnir verða haldnir á eftirtöldum stöðum:

Höfn í Hornafirði, 29. ágúst, kl. 16:00 - 18:00.
Nýheimar - kaffiveitingar.

Hveragerði, 4. september, kl. 12:00 - 14:00.
Hótel Örk - súpufundur.

Vík, 5. september, kl. 11:00 - 13:00.
Hótel Vík - súpufundur.

Flúðum, 5. september, kl. 16:00 - 18:00.
Hótel Flúðir - kaffiveitingar.

Hvolsvelli, 11. september, kl. 16:00 - 18:00.
Félagsheimilinu Hvoli - kaffiveitingar.

Vestmannaeyjum, 12. september, kl. 11:30 - 13:30.
Pekkingarsetri Vestmannaeyja - súpufundur.

Kirkjubæjarklaustri, 12. september, kl. 20:00 - 22:00.
Félagsheimilið Kirkjuhvoll - kaffiveitingar.



SASS
SAMTÖK
SUNNLESKRA
SVEITARFÉLAGA



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS

Nánari upplýsingar má sjá á vef SASS: [sass.is/umhverfis- og auðlindastefna](http://sass.is/umhverfis-og-auðlindastefna). Þar er einnig skráning á fundina.